

## Fundargerð 479

Þriðjudaginn 17. desember 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn Magnús B. Jónsson formaður, Gunnar Þorgeirsson, Halldóra K. Hauksdóttir, María Hjálmarsdóttir (í síma) og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Helga Hlín Hákonardóttir ráðgjafi hjá Strategíu (við dagskrárlið 14), Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Friðjónsson lánasérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 3), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Karl Björnsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:16 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Starfs- og rekstraráætlun 2020 - til afgreiðslu
3. Aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu
  - a. Flateyri
  - b. Bakkafjörður
4. Lánamál - til afgreiðslu
5. Úthlutun rannsóknastyrkja til meistaranema 2019 - til afgreiðslu
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar
8. Staða verkefnisins brothættar byggðir - til kynningar
9. Framvinda byggðaáætlunar 2018-2024 - til kynningar
10. Nýja húsið - til upplýsingar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur
13. Hádegishlé
14. Mat á störfum stjórnar og forstjóra - til kynningar

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé sérstaklega tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð stjórnarfundar nr. 478.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

### 2. Starfs- og rekstraráætlun 2020 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar vegna ársins 2020 sem AP kynnti og breytingar sem höfðu orðið á áætluninni frá síðasta fundi. Frá síðasta fundi er kominn inn nýr kafli um starfsáætlun stjórnar og samantekt á verkefnum ársins.

HÁ upplýsti að tvö fyrirtæki hefðu sent stjórnsýslukæru til ráðuneytis vegna úthlutunar flutningsjöfnunarstyrkja.

AME sagði mikinn vöxt í útlánum og fyrirséð að hann héldi áfram m.a. vegna samdráttar Arion banka í útlánum til fyrirtækja. Þá væri mikið af ógreiddum lánsloforðum.

Til máls tóku HÁ, AME, GP, SJ, MBJ, HKH og MH.

Formaður bar upp starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar vegna ársins 2020 og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. Aflamark Byggðastofnunar - til afgreiðslu

PF kom á fundinn undir þessum lið.

#### *Flateyri*

Fyrir fundinum liggur minnisblað AP og PF um umsóknir um Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri auk matsblaða með nánari samanburði umsókna ásamt einkunnagjöf og nánari útskýringum á mati umsókna. AP kynnti minnisblaðið og fór yfir forsögu málsins.

Lagt er til að gengið verði til samninga um Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri við samstarfsaðilana Vestfisk ehf. Fiskvinnsluna Íslandssögu ehf, Klofning ehf. og Aurora Seafood ehf. Öðrum umsóknum verði hafnað.

Til máls tóku PF, MBJ, HKH, SJ, GP, AME og MaH.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

#### *Bakkafjörður*

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá AP og PF um umsóknir um Aflamark Byggðastofnunar á Bakkafirði sem AP kynnti.

Það er mat aflamarksnefndar að það 150 þorskígildistonna aflamark sem nú er til úthlutunar nýtist best og stuðli að mestri atvinnuuppbyggingu á Bakkafirði með því að úthluta því til HH-Holding ehf. og samstarfsaðila. Jafnframt leggur nefndin til að öðrum umsóknum verði hafnað.

Til máls tóku SJ og MBJ.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

PF yfirgaf fundinn.

### 4. Lánamál - til afgreiðslu

...

### 5. Úthlutun rannsóknastyrkja til meistaranema 2019 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð 11. fundar stjórnar Byggðarannsóknasjóðs þar sem lagðir eru til styrkir til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðamála. Styrkirnir koma af fjárveitingu byggðaáætlunar 2018-2024 og skulu verkefnin sem sótt er um styrk til vera á sviði byggðaþróunar og kostur er að þau hafi skírskotun til byggðaáætlunar. Stjórn Byggðarannsóknasjóðs raðar umsóknum í forgangs röð og leggur fyrir stjórn Byggðastofnunar, sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

AP kynnti verkefnin sem lagt er til að hljóti styrk og styrkuppþæð.

*Finding the Phoenix Factor*, umsækjandi David Andrew Kampfner, Háskólastrí Vestfjarða. Skoða á byggingar þar sem áður var atvinnustarfsemi (iðnaðarminjar) og hvernig þær byggingar eru endurnýttar í dag í þágu annarrar starfsemi, s.s. síldarverksmiðjuna á Djúpuvík á Ströndum, Nes-listamiðstöð á Skagaströnd og Síldarminjasafnið á Siglufirði. - kr. 400.000

*Greining á möguleikum í miðbæjaruppbyggingu á Húsavík og samanburður við byggðakjarna af svipaðri stærð*, umsækjandi Atli Steinn Sveinbjörnsson, Háskóla Íslands. Ákveðna þætti í smærri byggðakjörnum má nota við uppbyggingu miðbæjarkjarna

byggðakjarna sem telja 1000-3000 manns. Gerð verður tillaga að uppbyggingu miðbæjarkjarna á Húsavík. - kr. 300.000

*Priðja þéttbýlið - sérstaða Stokkseyrar innan sveitarfélagsins Árborgar, umsækjandi Vigfús Þór Hróbjartsson, Landbúnaðarháskóla Íslands. Skoða á möguleika smárra þorpa gagnvart öflugri þéttbýliskjörnum innan sama sveitarfélags. Aðferð rannsóknarinnar og niðurstöður megi síðan heimfæra að hluta eða að öllu leyti á sambærilega þéttbýlisstaði. Skoða á styrkleika Stokkseyrar umfram hina tvo þéttbýlisstaðina í Árborg, Selfoss og Eyrarbakka. - kr. 300.000*

Formaður bar upp tillögurnar og voru þær samþykktar samhljóða.

## 6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 37/19-41/19 sem AME kynnti.

Til máls tóku GP, SJ og MBJ.

## 7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna og rekstrar 30. nóvember 2019 sem AP fór yfir.

Til máls tóku HÁ, MH og SJ.

## 8. Staða verkefnisins brothættar byggðir - til kynningar

Kynningu á verkefninu frestað.

## 9. Framvinda byggðaáætlunar 2018-2024 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 sem lögð var fram á Alþingi.

AP kynnti skýrsluna.

Til máls tóku GP og MaH.

## 10. Nýja húsið - til upplýsingar

AP upplýsti að bygging nýrrar skrifstofu Byggðastofnunar væri á áætlun. Breyta þyrfti þó hönnun á inngangi.

## 11. Önnur mál

### *Raforkumál*

Í ljósi rafmagnstruflana sem urðu á stórum hluta landsins lagði formaður til að stjórn samþykkti eftirfarandi bókun: „Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 er lýst þeirri framtíðarsýn að Ísland verði í fararbroddi með nútímainnviði, framsækna þjónustu, verðmætasköpun, jöfn lífsgæði og öflug sveitarfélög sem geti annast staðbundin verkefni og veitt íbúum hagkvæma og góða þjónustu með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu.

Öryggi í raforkuflutningum og fjarskiptum er ein grunnforsenda til að þessu markmiði verði náð og flutnings- og dreifikerfi raforku þarf að mæta þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og öryggi við afhendingu. Samhliða þarf fjarskipta- og samskiptamiðlun að vera tryggð um land allt. Atburðir síðustu daga, þegar stórir hlutar landsins voru án rafmagns og fjarskipta, sýna að miklir veikleikar eru í þessum

*öryggisinnviðum og að stór hluti íbúa landsbyggðanna býr við mikið óöryggi að þessu leyti. Það er með öllu óásættanlegt og ógnar búsetuskilyrðum víða um land.*

*Stjórn Byggðastofnunar hvetur ríkisstjórn Íslands, Alþingi, Landsnet og veitufyrirtæki til að gera allt sem í valdi þeirra stendur til að tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt og gera áætlun um úrbætur og viðbrögð til að skapa öryggi um þessa mikilvægu grunnþætti byggðar og búsetu.*

Samþykkt samhljóða.

*Grímsey*

SJ spurði um stöðuna í Grímsey sem AÐ svaraði.

*Starfslok SBS*

Þar sem SBS lætur að störfum nú um áramótin sem forstöðumaður þróunarsviðs þakkaði hann fyrir samstarfið.

Stjórn þakkaði SBS fyrir vel unnin störf.

## 12. Næsti fundur

Næsti fundur verður 24. janúar 2020.

## 13. Hádegishlé

Formaður frestaði fundi kl. 12:11. MaH upplýsti að hún gæti ekki setið fundinn eftir hádegishlé og vék af fundi.

Formaður setti fund aftur kl. 12:55

## 14. Mat á störfum stjórnar og forstjóra - til kynningar

Helga Hlín Hákonardóttir kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti niðurstöður sínar úr árangursmati stjórnar og forstjóra.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:24

Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---

---